

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Árnes, athafnasvæði.

Samkvæmt aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 er svæðið skilgreint sem athafnasvæði. Deiliskipulagsbreytingin er því í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Breytingar taka til eftirfarandi:

Deiliskipulagsreitur breytist.

Lóðir nr. 1, 3 og 5 við D-götu eru sameinaðar í eina lóð og verður eftir breytingu, Þingbraut nr. 1, stærð 7.069 m².

Lóðin D-gata 2 stækkar, var 5.474 m² að stærð og verður eftir breytingu, Þingbraut nr. 2, stærð 6.388 m².

Lóðirnar D-gata 4 og 6 eru sameinaðar og verða eftir breytingu, Þingbraut nr. 4, stærð 8.098 m².

Lóðin D-gata 7 minnkar, var 4.248 m², verður eftir breytingu Þingbraut nr. 3, stærð 3.451 m².

Lóðin D-gata 9 minnkar, var 3.800 m², verður eftir breytingu Þingbraut nr. 5, stærð 3.510 m².

Lóðin Tvísteinabraut 1 minnkar, var 48.040 m², verður eftir breytingu 38.853 m² að stærð.

Númer lóðanna 11-21 breytast og verða 7, 9, 11, 13, 15 og 17, stærðir þeirra lóða breytast ekki. Eftir breytingu eru lóðirnar við Þingbraut 11 talsins í stað 14 áður.

Lóð fyrir spennistöð RARIK er stofnuð út úr lóðinni Suðurbraut 5, landnr. 224586. Um er að ræða 56 m² lóð. Lóðin Suðurbraut 5 verður eftir breytingu 2.184 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 23. janúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. apríl 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.